

## Hvenær telst hópur starfsfólks lækka í launum vegna betri vinnutíma í vaktavinnu?

### Samræmdur skilningur stýrihóps betri vinnutíma í vaktavinnu

Hópur starfsfólks telst lækka í launum ef vinnutímabreytingarnar einar og sér leiða af sér launalækkun þegar neðangreindra sjónarmiða hefur verið gætt. Í slíkum tilfellum skal stýrihópur fjalla um málið og finna lausn.

- Horft er til hópa
- Hópurinn vinnur vaktavinnu
- Farið er eftir forgangsröðun hagsmuna og jafnræði í starfsmannahópnum er tryggt eins og kostur er. Fyrst skal huga að þörfum starfseminnar, því næst gæta jafnræðis innan starfsmannahópsins og að lokum horfa til óska einstakra starfsmanna sé þess kostur.  
Starfsemi => jafnræði í starfsmannahópnum => Einstaklingur
- Starfsfólki í hlutastarfi hafi verið boðin og þau þegið að hækka við sig starfshlutfall sem nemur styttingunni og vegna vægis vinnuskyldustunda.

Skýring í síðustu málsgrein fylgiskjals II:

*Skipulag og starfsemi stofnana ríkis og sveitarfélaga er fjölbreytt og ólíkt. Komi til þess að breyting á vinnutíma vaktavinnufólks og aðlögun vinnuskipulags, nái ekki þeim markmiðum sem lagt er upp með í nýju launamyndunarkerfi, að teknu tilliti til eðli og starfsemi stofnunar, þá skal stýrihópur samningsaðila fjalla um málið og finna lausn til að hópar starfsmanna njóti ekki lakari kjara eftir breytingu.*

Fyrir hönd stýrihóps  
Verkefnastjórn betri vinnutíma í vaktavinnu